

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Svar við fyrirspurn um kostnað vegna ISO staðals um sjálfbærni sveitarfélaga

Óskað hefur verið eftir svari við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins frá 11. janúar sl. um kostnað vegna ISO staðals um sjálfbærni sveitarfélaga. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Reykjavík er eitt sveitarfélaga sem hafa innleitt, eða eru að innleiða, mælingar samkvæmt ISO staðli 37120 um sjálfbærni sveitarfélaga. Ávinningur er sennilega mikill en engu að síður má spyrja hver hann sé og hver er kostnaður við þetta. Fleiri sveitarfélög hafa innleitt mælingar samkvæmt ISO staðli 37120 um sjálfbærni sveitarfélaga og þá er einnig vert að nefna loftslagsmæli Festu sem nokkur sveitarfélög nýta. Við val á árangursviðmiðum og mælikvörðum má spyrja: Hvernig vitum við að við erum á réttri leið? Hvernig vitum við að aðgerðir okkar skapa breytingar til batnaðar og hvernig er samráði háttáð?“

Svar:

Reykjavíkurborg hefur unnið að því frá árinu 2020 að innleiða staðlafjölskylduna ISO 37120, sem mælir samfélags-, efnahags- og umhverfislega sjálfbærni borgarinnar með yfir 200 mælikvörðum. Staðlafjölskyldan mælir þjónustuveitingu borgarinnar og lífsgæði íbúa (ISO 37120), snjallvæðingu borgarinnar og stafrænt aðgengi íbúa að þjónustu og upplýsingum (ISO 37122) og seiglu borgarinnar og getu hennar til þess að takast á við áföll (ISO 37123).

Með innleiðingu á stöðluðu safni mælikvarða er byggt upp gagnasafn sem er samanburðarhæft í tíma og milli borga, þar sem gagnasöfnun er rýnd með tilliti til þess hvaða mælingar eru viðeigandi og gæði gagna eru tryggð með vottun óháðs aðila. Til þess að niðurstöður nýtist sem best er mikilvægt að gagnasöfnun sé stöðug og yfir lengri tíma, þannig er bæði mögulegt að nýta niðurstöður sem stöðutöku, koma auga á breytingar yfir tíma og auka forspárgildi niðurstaðna.

Græna planið byggir á skýrri framtíðarsýn um kolefnishlutlaust borgarsamfélag þar sem öflug fjárfestingaráætlun í grænum samgöngum, innviðum, hverfum, nýsköpun og störfum mun gegna lykilhlutverki í því að auka lífsgæði íbúa og skapa umgjörð um öflugt atvinnulíf. Viðeigandi árangursmælikvarðar eru forsenda þess að hægt sé að meta ávinning stefna og aðgerða. Unnið er að því að tengja mælikvarða ISO 37120 staðlafjölskyldunnar við Græna planið og stöðutaka á mælikvörðunum verða teknar inn í áfangaskýrslur Græna plansins. Tenging mælikvarðanna við Græna planið og aðrar lykilstefnur borgarinnar nýtist sem stöðutaka og við mat á ávinningi aðgerða. Mælingarnar er einnig mögulegt að nota í innri vinnu borgarinnar, þar sem niðurstöður gefa vísbendingar um hvernig borgin getur bætt þjónustu sína. Niðurstöðurnar geta jafnframt aukið samkeppnishæfni borgarinnar, en með innleiðingu



staðlafjölskyldunnar verður Reykjavíkurborg samanburðarhæf við fjölmargar borgir á heimsvísu.

Loftslagsmælir Festu mælir losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri fyrirtækja og nýtist þannig bæði fyrirtækjum og sveitarfélögum við að meta áhrif rekstursins á umhverfi sitt, hvað varðar magn gróðurhúsalofttegunda sem losað er í tengslum við starfsemina. Reykjavíkurborg á fulltrúa í sérfræðingahópi Festu, sem þróaði loftslagsmælinn og byggir mælirinn á sambærilegri aðferðafræði og notuð er við vinnslu græns bókhalds Reykjavíkurborgar, sem lagt er fram með fjárhagsuppgjöri samstæðunnar ár hvert. Hluti mælikvarða ISO 37120 staðlafjölskyldunnar fjallar um losun gróðurhúsalofttegunda, en þar er gengið út frá samfélagslegri losun sem er öll losun gróðurhúsalofttegunda sem verður innan borgarmarkanna.

Innleiðing staðlafjölskyldunnar felur í sér samráð og samstarf við innri og ytri tengiliði um skilgreiningar mælikvarða, gagnasöfnun og hagnýtingu niðurstaðna. Utan innri kostnaðar vegna vinnu starfsfólks samanstendur beinn kostnaður vegna innleiðingar af samningsbundum gjöldum vegna vottunar og skráningar í gagnagrunn alþjóðlegu samtakanna World Council on City Data (WCCD). Núgildandi samningur við WCCD kveður á um fast gjald fyrir vottun á hverjum staðli í þrjú ár, alls 9 uppfærslur. Samkvæmt samningi er upphafsgjald fyrir ISO 37120 USD 10.000, fyrir ISO 37122 einnig USD 10.000 og fyrir ISO 37123 USD 12.500. Í samningi er tiltekin árleg 5% hækkun, samtals 13.992.970 kr. á samningstímanum.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.